

Stálorka ehf.
Óseyrarbraut 29a
220 Hafnarfjörður

Kópavogur, 9. júlí 2026
Tilvísun: E51670

Skýrsla send á eftirfarandi netfang: gunnar@stalorka.is og stalorka@stalorka.is

Eftirlitsskýrsla

Tílefni: Reglubundið eftirlit	Eftirlit framkvæmt: 8.7.2026
Starfsleyfi: Gildir til 30.8.2032	Starfsemi: Málmismiðja
Aðsetur: Óseyrarbraut 29a	Kennitala: 6808090890
Fulltrúar fyrirtækis: Ari Guðmundsson	Fulltrúi Heilbrigðiseftirlits Sunna Thoroddsen Friðriksdóttir, eftirlitsaðili

Umfang eftirlits

Eftirlit fór fram skv. reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirliti [nr. 550/2018](#) og reglugerð [nr. 830/2022](#) um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Stuðst var við samræmd starfsskilyrði fyrir [málmismiðjur \(Járn-, stál-, ál- og blikksmiðjur\)](#) sem eiga sér stoð í ofangreindum reglugerðum.

Niðurstöður eftirlits

Umgengni á verkstæði er góð en ásýnd baklóðar má bæta.

Sýra er geymd í lokuðum skáp. Gashylki eru geymd bæði á lóð fyrirtækisins og inni á verkstæðinu en varúðarmerkingar vantar á hurð. Fyrirtækið er bæði með raf- og vatnsskurð.

Málmafgöngum er safnað á baklóð, þar er einnig gámur fyrir almennt sorp. Ekki fengust kvittanir fyrir förgun spilliefna.

Eftirfarandi athugasemdum er komið á framfæri:

- **Plast og pappi er ekki flokkaður frá almennu sorpi.** Samkvæmt almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir mengandi starfsemi skal allur úrgangur vera fokkaður í samræmi við möguleika á endurvinnslu og/eða viðurkenndri förgun hans.
- **Engin varúðarmerki fyrir gashylki eru á hurðum.** Slík merki þurfa að vera í gluggum/á hurðum sem snúa að geymslustað hylkjanna.
- **Kvittanir til staðfestingar á förgun spilliefna voru ekki til staðar.** Halda þarf utan um kvittanir vegna förgun spilliefna og þurfa þær að vera aðgengilegar eftirlitsmanni við reglubundið eftirlit.

Heilbrigðiseftirlitið óskar eftir því að afrit af kvittun fyrir síðustu skilum á spilliefnum berist á netfangið sunna@heilbrigdiseftirlit.is

Athugið að skýrsla þessi tekur aðeins til þeirra atriða sem skoðuð voru þann dag sem eftirlitið fór fram. Í samræmi við 13. gr. stjórnsýslulaga [nr. 37/1993](#) er þér veittur 14 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfæri andmælum við innihald hennar. Ef athugasemdir eru við ofangreind atriði óskast þær sendar á tölvupóstfangið hef@heilbrigdiseftirlit.is. Heilbrigðiseftirlitið bendir á að loknum andmælafresti verður eftirlitsskýrslan birt á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins; www.heilbrigdiseftirlit.is.



Virðingarfyllst,
Sunna Thoroddsen Friðriksdóttir,
Sunna Th. Friðriksd.
eftirlitsaðili.